

# STARFSLEYFI

## fyrir meðhöndlun á óvirkum úrgangi og garðaúrgangi sem og geymslu á úrgangstimbri á Hrafnkelsstöðum í Kolgrafarfirði, Eyrarsveit

Gefið út af Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir eftirfarandi:

- a. meðhöndlun á óvirkum úrgangi\* þ.m.t. urðun hans
- b. meðhöndlun garðaúrgangs, þmt. endurvinnslu hans (jarðgerð)
- c. geymslu á úrgangstimbri,

frá Grundarfjarðarbæ, samtals allt að 500 tonnum á ári, á urðunarstað Grundarfjarðarbæjar á Hrafnkelsstöðum í Kolgrafarfirði. Grundarfjarðarbær er hér eftir nefndur rekstraraðili

1.2. Starfsemi rekstraraðila skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og gildandi reglugerðir.

1.3 Fara skal þannig með allan úrgang við flutning, endurvinnslu, förgun eða aðra meðferð að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrífnaði eða ónæði, t.a.m. fók úrgangsefna, ryk, ólykt, hávaði og umferð. Verði vart við hrafna eða meindýr á borð við rottur eða vargfugla, skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila.

1.4 Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfsemi urðunarstaðarins út í umhverfið, skal rekstraraðili sjá um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

1.5 Verktakar sem annast verk fyrir rekstraraðila við meðhöndlun úrgangs skulu hafa tilskilin leyfi.

\* Óvirkur úrgangur er úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega, t.d. múrbrot, gler, og uppmokstur. Garðaúrgangur telst ekki óvirkur úrgangur.

- 1.6 Rekstraraðili skal skrá og senda eftirfarandi upplýsingar fyrir 1. mars ár hvert, í samanteknu formi fyrir hvert almanaksár til Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðisnefndar Vesturlands:
- \* magn og tegund úrgangs sem hefur verið tekið á móti á athafnasvæðinu
  - \* magn og tegund úrgangs sem hefur verið urðaður á athafnasvæðinu
  - \* magn og tegund úrgangs sem hefur verið enduruninn á athafnasvæðinu
  - \* yfirlit yfir sýnatökur, mælingar á mengunarefnum og niðurstöður mælinganna
  - \* hvort óhöpp á athafnasvæði rekstraraðila hafa átt sér stað, svo sem ófyrirséð losun spilliefna eða bruni, mikil gasmyndun eða annað óvenjulegt.
- 1.7 Í lok starfsleyfistímabils boðar Hollustuvernd ríkisins fulltrúa rekstraraðila og Heilbrigðisnefndar Vesturlands á samráðsfund til að undirbúa endurnýjun starfsleyfis. Hollustuvernd ríkisins getur þó boðið oftar til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur urðunarstaðarins, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.
- 1.8 Um frágang urðunarsvæðis, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi samkvæmt gr. 1.1. lýkur, skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, eða annarra laga og reglugerða, eftir því sem við á, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Frágangur og landnotkun skal vera með þeim hætti að endanlegur frágangur falli sem best að núverandi landslagi. Áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarsvæðisins skal liggja fyrir ekki seinna en ári áður en starfsemi lýkur.

## **2. ÚRGANGSEFNI TIL ENDURNÝTINGAR OG SPILLIEFNI**

- 2.1 Rekstraraðili skal ávallt leita leiða til að endurnota eða endurnýta úrgang. Á þjónustusvæði rekstraraðila skal almenningi, fyrirtækjum og stofnunum gefinn kostur á að losa sig við endurvinnanlegan úrgang sem og spilliefni og hættuleg efni samkvæmt reglugerð nr. 810/1999 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, sbr. gr. 3.3.
- 2.2 Rekstraraðili skal, í samræmi við stefnu stjórnvalda um minnkun úrgangs til förgunar leggja fram áætlun um hvernig staðið verður að þessum markmiðum. Áætlun þessi skal birt ekki síðar en ári eftir útgáfu starfsleyfis þessa.
- 2.3 Óheimilt er að blanda spilliefnum saman við annan úrgang og er urðun þeirra óheimil, sbr. grein 1.1 í starfsleyfi þessu. Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar. Í því skyni skal rekstraraðili kanna reglulega úrgangsfarma sem berast urðunarstaðnum. Meðferð á spilliefnum krefst sérstaks starfsleyfis.

### **3. AÐBÚNAÐUR Á URÐUNARSTAÐ**

- 3.1 Einungis er heimilt að taka á móti óvirkan úrgang til urðunar og garðaúrgang og úrgangstimbur á Hrafnkelsstöðum til endurvinnslu á urðunarstaðnum rekstraraðila í Kolgrafarfirði, sbr. gr. 1.1. í starfsleyfi þessu.
- 3.2 Ávallt skal leitast við að halda magni úrgangstimburs á athafnasvæðinu í lágmarki og skal senda því til endurvinnslu eða förgunar við fyrsta hentuga tækifæri.
- 3.3 Takmarka skal aðgang annarra að svæðinu en rekstrar- og eftirlitsaðila, eða aðila sem heimild hafa frá rekstraraðila til að farga eða endurvinna úrgangi á urðunarstaðnum.
- 3.4 Eftirlitsaðili getur krafist að allt athafnasvæðið eða hluti þess verði afgirt með girðingu, sem hindrar umferð manna og skepna. Eftirlitsaðili getur einnig krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir vegna þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.
- 3.5 Koma skal í veg fyrir fok á urðunarsvæðinu. Eftirlitsaðili getur krafist tiltektar á úrgangsefnum sem hafa fokið eða dreifst.
- 3.6 Eftirlitsaðilar skulu jafnan tilkynna komu sína til vaktstjóra urðunarstaðarins hverju sinni, eftir því sem kostur er.
- 3.7 Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt tiltækt á vinnustað.
- 3.8 Óheimilt er að brenna úrgang á athafnasvæði rekstraraðila.
- 3.9 Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er ávallt óheimil.
- 3.10 Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni, minnst 100 sm þykku.

### **4. MÆLINGAR OG EFTIRLIT**

- 4.1 Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. grein í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, flyst það til viðkomandi heilbrigðisnefndar, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.
- 4.2 Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga í frárennsli og sigvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Rekstraraðili skal hafa samráð við eftirlitsaðila um staðsetningu og útfærslu sýnatökuaðstöðu á fyrstu starfsári starfsleyfis.

- 4.3 Greina skal eftirfarandi efni og eðlisþætti í vatnssýnum frá urðunarstaðnum einu sinni á ári eða eftir þörfum ef niðurstöður eftirlitsmælinga gefa tilefni til sýnatöku með skemmra eða lengra millibili:

Efni	Losunarmörk
NH <sub>4</sub> <sup>+</sup>	10 mg/l
NO <sub>3</sub> <sup>-</sup>	50 mg/l
Súrefnisþörf (COD)	200 mg/l

Einnig skal greina eftirfarandi eðlisþætti: sýrustig (pH), hitastig (°C) og leiðni (µS/cm).

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

- 4.4 Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinganna og fá til þess aðila sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir. Niðurstöður mengunarmælinga skal senda Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Vesturlands þegar þær liggja fyrir.
- 4.5 Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með mælingum og mæliaðferðum. Nákvæmt mat á niðurstöðum og hugsanlegar samanburðarmælingar skulu fara fram í samræmi við ákvæði gildandi mengunarvarnareglugerðar. Hollustuvernd ríkisins skal greina rekstraraðila og heilbrigðisnefnd Vesturlands frá niðurstöðum matsins, eins fljótt og auðið er.
- 4.6 Mæliáætlun skv. grein 4.3 í starfsleyfi þessu skal endurskoða ef Hollustuvernd ríkisins eða rekstraraðili telja ástæðu til.
- 4.7 Komi upp óhapp eða önnur atvik sem geta haft í för með sér mengun, t.d. bruni, losun spilliefna eða annað óvenjulegt, ber rekstraraðila að tilkynna eftirlitsaðila um slíkt eins fljótt og unnt er.

## 5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er í fjórða gjaldskrárflokki skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Rekstraraðili skal greiða Hollustuvernd ríkisins gjald samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar vegna útgáfu og kynningar á starfsleyfi þessu.

Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá eftirlitsaðila, eins og hún er hverju sinni. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við eftirlit. Fyrir eftirlit umfram reglubundið eftirlit, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar 786/1999, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. í gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins fyrir útselda vinnu sérfræðinga stofnunarinnar, auk ferðakostnaðar. Fyrir eftirlit umfram reglubundið eftirlit, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar 786/1999, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. í gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins fyrir útselda vinnu sérfræðinga stofnunarinnar, auk ferðakostnaðar.

**6. GILDISTAKA**

Starfsleyfi þetta öðlast gildi við birtingu og það gildir til tíu ára.  
Starfsleyfi þetta er gefið út á Grundarfjarðarbæ, kt. 520169-1729, vegna meðhöndlunar óvirks úrgangs, garðaúrgangs og úrgangstimburs á Hrafnkelsstöðum í Kolgrafarfirði, Eyrarsveit.

Reykjavík, 4. desember 2002

**HOLLUSTUVERND RÍKISINS,  
MENGUNARVARNARSVIÐ**

Davíð Egilson  
Forstjóri

Helgi Jensson  
Forstöðumaður mengunarvarnarsviðs